

Nd. **280. Frumvarp til laga** [154. mál]
um breyting á lögum nr. 16 1943, um orlof, sbr. lög nr. 8 1957 og lög nr. 68 1964.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert 2 daga fyrir hvern unninn almanaksmánuð á seinasta orlofsári, en orlofsár merkir í lög-

um þessum tímabilið 15. maí til 14. maí. Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími ekki talinn með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem fer í orlof, á rétt á að fá greitt sem orlofsfé 8% — átta af hundraði — af kaupi því, sem hann hefur borið úr býtum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan.

Nú hefur maður unnið eftirvinnu, nætur- eða helgidagavinnu, og greiðist þá orlofsfé aðeins af þeirri upphæð, sem greidd hefði verið fyrir þá vinnu, ef það hefði verið dagvinna. Þó skulu menn fá greitt orlofsfé af eftirvinnukaupi, eins og það er á hverjum tíma.

Orlofsfé greiðir sá eða þeir, sem orlofsrétthafi hefur unnið hjá á orlofsárinu, og fer greiðsla fram með orlofsmerkjum hvert skipti sem útborgun vinnulauna fer fram.

Ákvæði þetta gildir þó ekki um starfsmenn, sem eru í föstu starfi. Þegar þeir fara í orlof og hafa unnið hjá sama vinnuveitanda samfleytt næsta orlofsár á undan, halda þeir kaup sínu óskertu orlofsdagana, jafnháu og þeir hefðu unnið venjulegan vinnutíma. Kaup fyrir orlofsdagana skulu þeir fá greitt næsta virkan dag, áður en orlof hefst.

Nú fer maður úr föstu starfi, og greiðir vinnuveitandi þá með orlofsmerkjum orlofsfé af kaupi því, er starfsmaðurinn vann fyrir á því orlofsári.

Starfsmaður, sem er í föstu starfi, þegar hann fer í orlof, en hefur ekki unnið hjá sama vinnuveitanda samfellt næsta orlofsár á undan, fær greitt orlofsfé með orlofsmerkjum næsta virkan dag, áður en orlof hefst, og miðast það við kaup það, er hann vann fyrir hjá núverandi vinnuveitanda á orlofsárinu.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabúi vinnuveitanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b, 5. lið skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

3. gr.

Við lögina bætist ný grein, er verði 5. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er, ef ráðuneytið telur það hagkvæmara, að semja við verkalýðshreyfinguna um framkvæmd orlofslaganna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lögum um orlof var síðast breytt — á árinu 1964 — voru réttindi þeirra mjög færð til samræmis við það, sem þá var á Norðurlöndum. Síðan hafa orlofslögin verið endurskoðuð í öllum nágrannalöndum okkar, og hefur orlofið alls staðar verið lengt nema hér.

Lengd orlofs hér á landi er nú 21 virkur dagar á ári, eða einn og þrjú fjórðu dags fyrir hvern unninn almanaksmánuð á seinasta orlofsári. Allt eru þetta lágmarksákvæði, sem í engu rýra orlofsrétt þeirra, sem skv. samningi eða venju eiga eða kunna að eignast betri orlofsrétt.

Um greiðslu orlofsfjár gilda þær reglur hér á landi, að sá, sem í orlof fer, á að fá greitt sem orlofsfé 7% — sjö af hundraði — af kaupi því, sem hann hefur borið úr býtum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að orlofsrétturinn lengist í 2 daga fyrir hvern unninn almanaksmánuð á seinasta orlofsári og að orlofsfé verði 8% í stað 7% áður.

Orlofslögin í Noregi breyttust fáum vikum eftir að íslenzku orlofslögunum var breytt. Lögfestu Norðmenn þá (15. maí 1964) hjá sér fjögurra vikna orlof, og hefur svo verið síðan. — Orlofsfé hjá Norðmönnum er 9½%.

Í Svíþjóð er lengd orlofs ákvæðin með lögum 24 virkir dagar á ári. Á hvern unninn mánuð koma 2 orlofsdagar, ef unnið hefur verið 15 daga eða meira í mánuðinum. Hins vegar kemur 1 orlofsdagur á mánuð, ef unnir dagar eru aðeins 8—14.

Í Danmörku skipaði verkamálaráðuneytið hinn 12. maí 1967 fjölmenna nefnd til að endurskoða lög um vinnutíma og orlof. Hefur nefnd þessi fyrir allöngu lokið störfum, og er nefndarálitnið ásamt fylgiskjölum mikil bók, 240 blaðsíður í stjórnartíðinda-broti.

Í frumvarpi, sem nefndin hefur lagt fram, eru ákvæði um 2 orlofsdaga fyrir unninn mánuð, eða 24 virka daga á ári, en eftir þeirra reglum yrði orlofsféð 8.59%.

Fulltrúar Alþýðusambandsins danska skrifuðu undir álit millipinganefndarinnar með fyrirvara. Vildu þeir standa að frumvarpi um fjögurra vikna orlof. Eru útreikningar um þá orlofslengd einnig birtir með nefndarálitinu, og yrði orlofsfé samkvæmt þeim 9.87%.

Í samræmi við þetta hefur Alþýðusambandið danska borið fram við atvinnurekendur kröfuna um fjögurra vikna orlof og 10% orlofsfé. En síðast, þegar fréttist, var ekki vitað, hvort sú krafa næði fram að ganga. Ef svo verður ekki, má hitt teljast fullvíst, að frumvarp millipinganefndarinnar um 24 daga orlof verði lögfest í Danmörku á þessu þingi.

Af því, sem nú hefur verið sagt, er ljóst, að eigi samræmi það, sem á var fallizt 1964 um orlofsréttindi hér á landi við hliðstæð gildandi ákvæði í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, að haldast, þá ber að breyta ákvæðum orlofslaganna svo sem gert er í frumvarpi þessu, þ. e. í 24 daga orlof og 8% orlofsfé.